



339. Stjórnarfundur haldinn 7. okt. 2009 kl:17:00

Mættir: Einar, Kári, Þórður, Sigurvin, Birgir, Sveinn og Bjarney.

1. Fundagerð síðasta fundar.

Lesin og samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Bréf frá Brunavörnum Suðurnesja v/ skoðunarskýrsla.

Bréf frá UMFÍ könnun á menningarstarfi innan UMFÍ.

Bréf frá UMFÍ þinggögn og kjörbréf vegna 46. sambandsþings.

Bréf frá Landsvaka v/ breytingar á hlutdeildarskírteina.

3. Send bréf.

Bréf til Þorsteins Magnússonar formanns knattspyrnudeildar Keflavíkur v/ húsaleigu.

4. 80 ára afmæli félagsins.

Boðið var til afmælisveislu í íþróttahúsinu Sunnubraut b-sal fyrir alla okkar iðkendur og velunnara. Boðið var upp á 860 skúffukökur ásamt svala og kaffi. Nýja bakaríið gaf félaginu kökuna og Vífilfell gaf okkur svalann. Góð þátttaka var og fóru út um 700 skúffukökur. Það sem eftir var af kökunni var farið með á Hlévang og Nesvelli. Um kvöldið var stjórnarfólki ásamt mökum boðið í samsæti í félagsheimili okkar og mættu um 100 manns.

5. Sögusýning og útgáfa á 80 ára sögu Keflavíkur

Sögusýning var svo opnuð þann 4. október kl. 14:00 viðstöddum boðsgestum.

Formaður UMFÍ Helga Guðrún Guðjónsdóttir færði félaginu 200.000- krónur að gjöf vegna skrásetningar á sögu félagsins og blómvönd. Helga Steinunn

Guðmundsdóttir ritari ÍSÍ færði okkur blómvönd og sæmdi Einar Haraldsson

formann og Kára Gunnlaugsson varaformann Keflavíkur gullmerki ÍSÍ einnig

sæmdi hún Birgir Ingibergsson stjórnarmann aðalstjórnar og Jónas Þorsteinsson

formann badmintondeildar Keflavíkur silfurmerki ÍSÍ. Stefán Thordersen formaður

UMFN færði félaginu mynd sem tekin er í landmannalaugum, Tyrfingur Andrésen

formaður Reynis færði félaginu platta með hamingju óskum, Jenný Magnúsdóttir

formaður NES færði okkur glerdisk með fjórum kertum og Ríkharður S Bragason

formaður Þróttar í Vogum færði okkur veggklukku. Aðalstjórn þakkar öllum þessum aðilum fyrir þeirra hlýhug í garð félagsins.

EH kynnti uppkast af styrktarumsókn vegna útgáfu á sögu félagsins. Bréfið samþykkt og framkvæmdastjóra falið að senda út og óska eftir styrkjum.

SG vildi koma á framfæri þakklæti til þeirra aðila sem stóðu að uppsetningu sögusýningar og óskaði EH, KG, BI og Jónasi Þorsteinssyni formanni





FYRIRMYNDARFÉLAG ÍSÍ

badmintondeildar til hamingju með heiðursmerki frá ÍSÍ, aðrir stjórnarmenn tóku undir.

6. 46. sambandsþing UMFÍ.

46. sambandsþing UMFÍ verður haldið hér í Reykjanesbæ um helgina. Keflavík á 7 þingfulltrúa. Gögn fyrir þingið liggja fyrir. Einar Haraldsson hefur ákveðið að bjóða sig áfram í stjórn UMFÍ.

7. Önnur mál.

EH var viðstaddur uppskeruhátíð yngri flokka í knattspyrnu.

SA var viðstaddur uppskeruhátíð knattspyrnudeildar og tók við viðurkenningu fyrir hönd aðalstjórnar.

Umræður um framtíðarsýn á Hringbrautarsvæðinu.

BI lagði til að sett yrði gras á malarvöllurinn. Framkvæmdastjóra og BI falið að ræða við formann knattspyrnudeildar.

Næsti fundur boðaður.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:15
Fundinn ritaði SG

